



Varðandi: Þjónustusvæði í málefnum fatlaðra
Málsnúmer: 1510028
Dagsetning: 25. febrúar 2016

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 24. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 7. nóvember var fjallað um þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks. Eftirfarandi var bókað:

„Tekið á dagskrá með samþykki allra fundarmanna.

Árið 2010 sótti Akraneskaupstaður um undanþágu frá stærðarviðmiðum um þjónustusvæði í málefnum fatlaðra en var synjað. Spurnir hafa borist af því að erindi þriggja sveitarfélaga sama efnis séu nú til meðferðar í velferðarráðuneyti. Umræður um það hvort Akraneskaupstaður eigi að sækja um undanþágu að nýju.

Velferðar- og mannréttindaráð lýsir sig meðmælt því að sótt verði um undanþágu. Sviðsstjóra falið að undirbúa umsókn og upplýsa samstarfsaðila“.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Skv. 2. mgr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 skal landinu skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skv. 1. mgr. og bera þau þá sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og kostnaði vegna hennar nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum.

Samstarfið um rekstur þjónustusvæðis Vesturlands í málefnum fatlaðra hefur verið með þeim hætti að hvert félagsþjónustusvæði fyrir sig veitir þjónustu við fatlaða á sínu starfssvæði og borið faglega og fjárhagslega ábyrgð á henni. Sameiginlegur rekstur þjónustuúrræða er ekki fyrir hendi. Samstarfið snýr því fyrst og fremst að skiptingu fjármagns og samræmingu reglna og viðmiða um veitta þjónustu.

Samningur um rekstur þjónustusvæðisins frá 8. október 2010 er útrunninn, sem og samningur á milli ríkis og sveitarfélaga um þjónustuna. Velferðar- og mannréttindaráð telur því að tíminn sé réttur til að láta reyna á óskina um undanþágu frá mannfjöldaviðmiðum um þjónustusvæði að nýju.

Skv. 3. mgr. 4. gr. laganna er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá íbúafjölda skv. 2. mgr. á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, hafi viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita þjónustu í samræmi við ákvæði laganna. Undirritaður telur að Akraneskaupstaður hafi frá yfirtöku málaflokksins árið 2011



Akraneskaupstaður

sýnt með óyggjandi hætti fram á getu sína til að sinna þjónustunni af myndarskap. Íbúar á félagsþjónustusvæði Akraneskaupstaðar voru um 7.400 þann 1. janúar 2015, eða aðeins um 600 íbúum frá mannfjöldaviðmiði laganna.

Þar sem gera má ráð fyrir að nokkurn tími líði þar til niðurstaða ráðherra liggur fyrir er lagt til að gerður verði nýr samstarfssamningur við þau sveitarfélög sem eru aðilar að núverandi þjónustusvæði með möguleika á lokum hans verði svar ráðuneytisins jákvætt.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Virðingarfyllst,

Jón Hrói Finnsson,
sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs